



Reykjavík, 3.9.2008

**Til heilbrigðisnefndar Alþingis**  
**Ásta Möller formaður**

Reykjavíkurborg gerir athugasemdir við það að frumvarp til laga um sjúkratryggingar var ekki sent til umsagnar Reykjavíkurborgar. Fyrir liggur að ákveðin atriði í frumvarpinu er varða breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu eru sett inn m.a vegna gerðar fyrirhugaðs þjónustusamnings milli heilbrigðisráðuneytis og Reykjavíkurborgar um sameiginlega stjórnun heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu undir stjórn Reykjavíkurborgar. Stefnt er að því að samningurinn taki gildi um næstu áramót.

Í frumvarpinu er ákvæði í 59. gr. er varðar réttarstöðu starfsmanna þegar samið er við sveitarfélög um rekstur heilbrigðisþjónustu. Þar er gert ráð fyrir að starfsmenn heilbrigðisstofnana sem eru við samningsundirritun ríkisstarfsmenn verði það áfram við flutning þjónustunnar yfir til sveitarfélaga. Talað er um að valdheimildir forstöðumanna verði framseldar til sveitarfélagsins. Engu að siður verði engin formbreyting ...*“á ráðningarstöðu starfsmanna, þeir eru áfram ríkisstarfsmenn og um laun þeirra og önnur starfskjör fer eftir sömu kjarasamningum og fyrr.”*

Draga verður í efa að í þessu geti falist framsal á valdi til áminninga og uppsagna, svo dæmi sé tekið. Hjá Reykjavíkurborg eru ákvæði um réttindi og skyldur, og áminningar og uppsagnir, hluti kjarasamninga, en hluti þeirra ákvæða er snerta ríkisstarfsmenn eru hins vegar í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í þessu gæti því falist skerðing á stjórnunarrétti sveitarfélagsins sem vinnuveitanda.

Starfsmennirnir störfuðu eftir sem áður eftir kjarasamningum sem sveitarfélagið er ekki aðili að og fjármálaráðuneytið myndi halda áfram að semja um kaup og kjör þessara starfsmanna þótt þeir væru fluttir til sveitarfélagsins. Á hinn bóginn myndi sveitarfélagið gera aðra kjarasamninga um sömu störf fyrir nýja starfsmenn á samningstímanum. Með frumvarpinu er því gert ráð fyrir að sveitarfélag geti verið með starfsmenn sem sinna sama starfi á mismunandi kjörum. Ætla má að slíkt geti gengið þvert á 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna. Auk þess samræmist það engan veginn starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar að starfsmenn sem sinna sama starfinu fái ekki sömu laun og sömu starfskjör. Slíkt er í raun óásættanleg niðurstaða hvort sem litið er á málið frá sjónarhorni Reykjavíkurborgar eða starfsmannana. Verði frumvarpið að lögum verður Reykjavíkurborg gert illmögulegt tryggja launþegum sínum sömu kjör fyrir sömu störf.

Reykjavíkurborg hefur talsverða reynslu af því að taka við þjónustuverkefnum og færa verkefni til 3ja aðila. Í þeim tilvikum hefur ávallt verið tekið mið af lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Það viðmið hefur reynst farsælt. Reykjavíkurborg leggur því til að þegar gerðir eru slíkir samningar sem kveðið er á um í frumvarpinu verði farið að lögum nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Eðlilegast er að starfsmenn verði þannig starfsmenn sveitarfélagsins og taki kjör skv. kjarasamningum sveitarfélagsins þegar gildandi kjarasamningur þeirra við ríkið rennur út.

  
Hallur Páll Jónsson

mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar